

Úrskurður 14/2018

A kærði ákvörðun Tollstjóra um álagningu aðflutningsgjalda að upphæð X kr. á skútuna C.

Embætti Tollstjóra áætlaði aðflutningsgjöld á umrædda skútu með ákvörðun dags. 3. janúar 2017 eftir árangurslausar tilraunir við að fá kæranda til að skila inn aðflutningaskýrslu til embættisins svo hægt væri að ljúka tollafgreiðslu skútunnar.

Kærandi mótmælti áætlaðri álagningu aðflutningsgjalda og krafðist þess að þau yrðu felld niður eða endurskoðuð.

Tollstjóri taldi ljóst að umrædd skúta félli ekki undir undanþágu 6. tl. 12. gr. laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, sbr. 3. tl. 1. mgr. 36. gr. sömu laga. Ákvæðið hefur að geyma undanþágu frá greiðslu virðisaukaskatts við innflutning en undanþágan nær ekki til skipa sem eru undir 6 metrum að lengd eða skemmtibáta og var því kröfu kæranda um niðurfellingu virðisaukaskatts af skútunni C hafnað.

Kærandi óskaði einnig eftir að endurskoðun færi fram á áætluðum aðflutningsgjöldum og framvísaði reikningi þar sem fram kemur að kaupendur hafi átt að greiða samtals X evrur vegna kaupa á skútunni.

56. gr. reglugerðarinnar segir að telji Tollstjóri ástæðu til að draga sannleiksgildi upplýsinga um viðskiptaverð í efa, þrátt fyrir framkomnar skýringar eða gögn eða ef frekari skýringar eða gögn eru ekki látin tollstjóra í té innan hæfilegs frests, verður viðskiptaverð vöru ekki lagt til grundvallar við ákvörðun tollverðs.

Embætti Tollstjóra óskaði eftir við umboðsmann innflytjanda staðfestingu á greiðslu kaupverðs skútunnar en engin slík staðfesting hefur borist í málinu. Tollstjóri hafnaði að reikningur sá er umboðsmaður innflytjanda skilaði inn til Tollstjóra með tölvupósti dags. 9. júlí 2018 hafi eitthvað vægi í málinu þar sem engin staðfesting barst embættinu um að greiðsla hafi sannarlega átt sér stað skv. reikningnum.

Niðurstaða

Staðfest var ákvörðun embættisins um áætlaða álagningu aðflutningsgjalda vegna skútunnar C.